

Mánudaginn 16. mars, 2009 - Viðskiptafréttir

Keyptu í Novator One fyrir daga Björgólfs Thors

***Segir Straum hafa hagnast vel á fjárfestingunni í Novator One *Hún hafi aldrei verið gagnrýnd af hluthöfum Straums**



Hagnaður Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, segir Straum hafa hagnast vel á fjárfestingu sinni í Novator One fjárfestingarsjóðnum.

FJÁRFESTING Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka í fjárfestingarsjóðnum Novatore One var gerð áður en Björgólfur Thor Björgólfsson varð stór hluthafi í Straumi.

FJÁRFESTING Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka í fjárfestingarsjóðnum Novatore One var gerð áður en Björgólfur Thor Björgólfsson varð stór hluthafi í Straumi. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs, segir að Straumur hafi skráð sig fyrir hlut í Novator One í maí 2005, en á þeim hafi Björgólfur Thor og Novator aðeins átt lítinn hlut í Straumi. Hann hafi ekki átt fulltrúa í stjórn Straums og hafi ekki komið á neinn hátt nærri rekstri hans.

Þrýstu á Björgólf Thor

Í Morgunblaðinu hefur verið fjallað um eign Straums á Novator One, en sjóðnum er stjórnað af öðru fyrirtæki í eigu Björgólfs, Novator Partners. Hefur þetta fyrirkomulag verið gagnrýnt, m.a. af Vilhjálmi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta.

Ásgeir segir rétt að taka fram að fjárfesting Straums og Novator í gegnum Novator One hafi ætíð legið fyrir án sérstakrar gagnrýni af hálfu hluthafa eða annarra.

Segir hann að þegar Straumur hafi keypt hlut í Novator One hafi bankinn verið smár, með litla sérfræðipækkingu í umbreytinga- og alþjóðlegum fjárfestingum. Straumur hafi fengið fjárfestingarbankaleyfi árið 2004 og hafi haft takmarkað bolmagn og kunnáttu á því að starfa á alþjóðavettvangi. Hafi starfsmenn haft takmarkaðan aðgang að flæði fjárfestingartækifæra og hafi bankinn lengi þrýst á Björgólf Thor að fá að taka þátt í verkefnum.

Leggur Ásgeir áherslu á að Novator One hafi skilað góðri ávöxtun og að eignarhlutur Straums hafi verið bankanum hagstæður. Hafi sjóðurinn skilað betri ávöxtun en allar sambærilegar vísitölur allt frá því að hann var stofnaður 2005. Geri hann það reyndar enn, þrátt fyrir mjög erfiðar markaðsaðstæður. bjarni@mbl.is